

Eftirlitsáætlun 2017- 2019 og áherslur í efnamálum

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	2
2.	Eftirlitsáætlun 2017-2019	3
3.	Gerð eftirlitsáætlunar	4
4.	Forgangsröðun verkefna	5
5.	Framkvæmd eftirlits.....	6
6.	Efnalögin, hlutverk Umhverfisstofnunar og verkaskipting stjórnvalda.....	7
7.	Efnateymi Umhverfisstofnunar	8
8.	Áherslur í efnamálum 2017-2019.....	9

1. Inngangur

Efni, efnablöndur og hlutir sem innihalda efni eru allt í kringum okkur og um efnin og notkun þeirra gilda ákveðnar reglur til þess að draga eftir föngum úr þeirri áhættu sem fylgir nærveru þeirra. Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi og hins vegar að efna skuldbindingar Íslands um að tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni. Þá er það markmið laganna að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu.

Umhverfisstofnun falið að hafa umsjón með framkvæmd efnalaga, fara með eftirlit, eftir því sem kveðið er á um í lögnum, og vera ráðherra til ráðgjafar í málaflokknum.

Umhverfisstofnun vill stuðla að því að skapa heilnæmt og öruggt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Til að ná því markmiði þarf skýra verkferla og skilvirkt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að ólöglegar efnavörur komist á markað héraðs.

Í þessari skýrslu birtist eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar 2017-2019 ásamt öðrum áherslum stofnunarinnar í efnamálum fyrir þetta tímabil þar sem höfð er hliðsjón af bæði efnalögnum og markmiðum samkvæmt stefnu stofnunarinnar. Lögð er áhersla á verkefni sem stuðla að neytenda- og umhverfisvernd og hafa það að markmiði að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu. Þetta er gert með markaðseftirliti á hættulegum og leyfisskyldum efnum, innleiðingu og framkvæmd nýrrar löggjafar og vandaðri upplýsingagjöf til annarra stjórnvalda, atvinnulífs og almennings.

2. Eftirlitsáætlun 2017-2019

Hér að neðan eru tilgreind sértæk verkefni á þriggja ára eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar 2017-2019 í samræmi við 52. gr. efnalaga. Nánar er fjallað um gerð áætlunarinnar og forgangsröðum verkefna í 3. og 4. kaflar í þessu skjali.

Áætlun sértæk eftirlitsverkefni á árinu 2017

1. Norrænt verkefni um merkingar á efnavörum í málningar- og byggingavöruverslunum
2. Eftirlit með merkingum á hættulegum efnavörum í matvöruverslunum
3. Innflutningur flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og gagnaskil til Loftmengunarteymis
4. REACH eftirlit með smurolíum
5. Skráningar í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP)
6. Merkingar og innihaldsefni í augnabrána- og augnháralitum
7. Botnmálning á skip - Eru vörur löglegar á markaði?
8. Söluskrár fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni
9. Úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara
10. Plöntuverndarvörur á markaði 2017

Áætlun sértæk eftirlitsverkefni á árinu 2018

1. Mánaðarlegt eftirlit með efnavörum á markaði með áherslu á merkingar
2. Norrænt eftirlitsverkefni um efni í hlutum sem gefnir eru almenningi í kynningarskyni
3. Norrænt eftirlitsverkefni um flokkun og merkingu á nanó-efnum
4. Markaðseftirlit með merkingum á skoteldum
5. Plöntuverndarvörur á markaði 2018
6. Úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara 2017
7. Eftirlit með sölu á plöntuverndavörum og nagdýraeitri í atvinnuskyni
8. Árlegt REACH eftirlit - áhersla ákveðin síðar
9. REACH efnaskráning á skoteldum
10. Snyrtivörur í sölu hér á landi sem fluttar eru inn beint frá löndum utan EES.
11. Markaðseftirlit með sæfivörum með áherslu á flokkun og merkingu
12. Söluskrár 2017 fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni
13. Notkun ósoneyðandi efna í fiskiskipum.
14. Innflutningur kælimiðla í hópi flúoraðra gróðurhúsalofttegunda
15. Mælingar á brennisteinsinnihaldi í skipaeldsneyti
16. Er markmiðum um að draga úr brennisteinsinnihaldi í skipaeldsneyti fylgt eftir
17. Losun gróðurhúsalofttegunda á orkueiningu eldsneytis
18. Skil fyrirtækja á eldsneytisskýrslum fyrir 2017

Áætluð sértæk eftirlitsverkefni á árinu 2019

1. Norrænt eftirlitsverkefni um hættuleg efni - áhersla ákveðin síðar
2. Norrænt verkefni um flokkun og merkingu á hættulegum efnum og efnablöndum - áhersla ákveðin síðar
3. Grillvörur - flokkun og merking
4. Bílavörur - flokkun og merking
5. Merkingar á tauþvottaefnum
6. Plöntuverndarvörur á markaði 2019
7. Úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara 2018
8. Árlegt REACH eftirlit - áhersla ákveðin síðar
9. Hárlitir og háreyðingarefni
10. Sæfivörur í vörflokki 19 - löðunar- og fælivörur - Eru vörur löglegar á markaði?
11. Söluskrár 2018 fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni
12. Vottun einstaklinga og fyrirtækja sem þjónusta kælikerfi og kaupa kælimiðla
13. Innflutningur kælimiðla í hópi flúoraðra gróðurhúsalofttegunda
14. Mælingar á brennisteinsinnihaldi í skipaeldsneyti
15. Er markmiðum um að draga úr brennisteinsinnihaldi í skipaeldsneyti fylgt eftir
16. Losun gróðurhúsalofttegunda á orkueiningu eldsneytis
17. Skil fyrirtækja á eldsneytisskýrslum fyrir 2018

Í þeirri þriggja ára eftirlitsáætlun sem hér er lögð fram er gert ráð fyrir að vinna að 45 skilgreindum eftirlitsverkefnum og gæti það falið í sér eftirlitsferðir til ekki færri en 50 fyrirtækja á hverju ári. Auk þess að sinna ofangreindum skilgreindum eftirlitsverkefnum er ætíð lögð áhersla á að taka á móti og bregðast við ábendingum um ólöglegar vörur á markaði frá öðrum stjórnvöldum, fyrirtækjum og almenningi.

3. Gerð eftirlitsáætlunar

Í 52. gr. efnalaga segir um eftirlitsáætlun:

„Til að tryggja yfirsýn og framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn.

Í eftirlitsáætluninni skal vera yfirlit yfir sértæk eftirlitsverkefni sem unnin verða og skipulagningu þeirra. Áhersla skal lögð á öryggi almennings og umhverfisvernd. Í áætluninni skal jafnframt gert ráð fyrir tilteknum fjölda eftirlitsferða á hverju ári til aðila sem markaðssetja efni og efnablöndur.

Umhverfisstofnun skal fyrir 1. mars ár hvert gefa út skýrslu um niðurstöður eftirlits fyrir undangengið ár og birta á vefsetri sínu.“

Í greinargerð segir enn fremur: „Lagt er til að eftirlitsáætlunin innihaldi yfirlit yfir sértæk eftirlitsverkefni sem unnin verða og lögð verði áhersla á öryggi almennings og umhverfisvernd. Þá skal jafnframt gera ráð fyrir tilteknum fjölda eftirlitsferða á hverju ári til verslana og heildsala sem selja efni og efnablöndur. Með þessu móti er til að mynda hægt að ákveða að eitt árið verði tiltekinn fjöldi efna tekinn fyrir og markaðssetning þeirra skoðuð. Það getur falið í sér eftirlitsferðir til heildsala sem og verslana sem selja efnin og athugun á því hvort framkvæmd sé í samræmi við lög. Þannig er einnig unnt að leggja áherslu á að tryggja öryggi almennings, m.a. með því að horfa einkum til hættulegra efna. Gert er einnig ráð fyrir að framkvæmt verði stikkprufueftirlit til að kanna efnainnihald í tilteknum efnum, efnablöndum eða hlutum sem innihalda efni.

4. Forgangsröðun verkefna

Eins og fram kemur í 7. kafla þá sinnir Efnateymið margvíslegum verkefnum, ekki eingöngu eftirlitsverkefnum. Teymið vinnur eftir gildum Umhverfisstofnunar en þau eru fagmennska, samvinna, framsýni og virðing. Þegar verkefnin eru mörg er mikilvægt að forgangsraða eftir þörf og áhættu og í því skyni var eftirfarandi aðferð beitt:

1. skref: Skilgreining á helstu áherslum í efnamálum

Fjölmargar reglugerðir á sviði efnamála hafa tekið gildi hér á landi á undanförunum árum s.s. um flokkun og merkingu efna og efnablandna, skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni, snyrtivörur, sæfivörur plöntuverndarvörur og fljótandi eldsneyti. Þá munu taka gildi á tímabilinu 2017-2019 nýjar reglugerðir um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um kvikasilfur auk þess sem stöðugt er verið að breyta og aðlaga löggjöf að aðstæðum. Því er mikilvægt að leggja áherslu á kynningu nýmæla í löggjöfinni og að hafa eftirlit með því að framkvæmdin sé í samræmi við hana.

Eitt af markmiðum Umhverfisstofnunar er að stuðla að heilnæmu umhverfi og þá er mikilvægt að ná til þeirra sem viðkvæmastir eru fyrir óæskilegum áhrifum efna en þetta á t.d. við um konur á barneignaaaldri, ófrískar konur og börn. Efnateymið vill halda áfram að miðla upplýsingum og góðum ráðum á heimasíðu Umhverfisstofnunar og tengja það við eftirlitsverkefni sem unnin verða.

Í efnalögum er lögð áhersla á að færa eftirlit ofar í aðfangakeðjuna, til birgja í stað verslana. Þessir aðilar hafa ríkustum skyldum að gegna samkvæmt efnalöggjöfinni og hagkvæmara er að ná utan um málaflokkinn með þessu móti í stað þess að fara í allar verslanir sem kaupa af birgjum. Auk þess er tilgreint í lögum að hafa skuli eftirlit með sem flestum þáttum laganna, bæði með efnum í iðnaði og neytendavörum.

2. skref: Forgangsröðun

Ábendingar sem Umhverfisstofnun berast frá atvinnulífinu, einstaklingum og öðrum stjórnvöldum um brot á efnalöggjöfinni eru teknar mjög alvarlega og er lögð áhersla á að bregðast ætíð við þeim án tafar. Eftirliti í kjölfar slíkra ábendinga því veittur forgangur umfram önnur verkefni hjá stofnuninni.

Við forgangsröðun verkefna er horft til hættulegustu efnanna, sem annað hvort eru bönnuð á markaði eða takmarkanir gilda um. Þá er horft til umfangs markaðssetningar, krafna um markaðsleyfi, efna og efnablandna sem eingöngu eru leyfð til nota í atvinnuskyni, sem og vara sem

boðnar eru hinum almenna neytanda. Þá er lögð áhersla á að fylgja eftir breytingum á löggjöf með kynningu og fræðslu auk eftirlits.

Leitast er við að gera landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu jafnhátt undir höfði við val á úrtaki í eftirlitsverkefnum. Mikil áhersla er lögð á að taka þátt í eftirlitsverkefnum á vegum Efnastofnunar Evrópu og í gegnum norrænt samstarf þar sem slík verkefni gefa okkur mikilvægar upplýsingar um stöðu efnamála í nágrannalöndunum, auka við þekkingu okkar á framkvæmd efnaeftirlits og skapa mikilvæg tengsl við kollegana í þessum löndum.

3. skref: Skilgreining verkefna

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði verkefnastjórnunar en í því felst að útbúin er skilgreining fyrir hverju og einu verkefni þar sem fram koma markmið verkefnisins, upphaf þess og endir, hver sé verkefnisstjóri, hverjir sitja í verkefnishóp og hvaða afurða sé að vænta. Teymisstjóri heldur utan um verkefnaáætlunina.

Verkefnum er skipt í þrjá flokka; eftirlitsverkefni, kynningarverkefni og umbótaverkefni.

4. skref: Röðun verkefna í tíma

Útbúin er ársáætlun og verkefnum forgangsraðað í tímaröð út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Stuðlað er að jöfnu vinnuálagi í teyminu og verkefni færð á milli starfsfólks eftir þörfum. Haft er svigrúm í ársáætluninni til að geta sinnt óvæntum og brýnum eftirlitsverkefnum.

5. Framkvæmd eftirlits

Í XI. kafla efnalaganna, um eftirlit, eru tilgreindar þær heimildir sem Umhverfisstofnun hefur til eftirlits, aðgengi að gögnum, heimildir til sýnatöku og fleira. Einnig er tekið fram að hver sá sem hefur undir höndum efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efni skuli veita, án endurgjalds, alla nauðsynlega aðstoð við eftirlitið, svo sem aðstoð starfsmanns eða aðgang að húsakynnum og tækjabúnaði. Einnig ber að veita Umhverfisstofnun allar umbeðnar upplýsingar og afhenda henni þau gögn sem hafa þýðingu við eftirlitið.

Eftirlit er hægt að framkvæma á ýmsan hátt. Hið hefðbundna eftirlit felst í að fara á staðinn og kanna hvort viðkomandi starfsemi fylgi lögum og reglugerðum. Á tímum netvæðingar er einnig hægt að framkvæma margs konar eftirlit á rafrænan hátt með því að kalla eftir upplýsingum. Hvort tveggja er nauðsynlegt við skilvirkt eftirlit. Þegar gögn sem óskað er eftir í eftirliti hafa borist eru þau greind og ef í ljós koma frávik frá reglugerðum eru gerðar kröfur um úrbætur. Þeim kröfum er síðan fylgt eftir með viðeigandi hætti þar til úrbætur hafa átt sér stað. Niðurstöður eftirlitsverkefna og til hvaða úrræða stofnunin grípur í kjölfar þeirra eru kynntar á vefsetri hennar jafnóðum og þær liggja fyrir.

Stór hluti eftirlits felst í að upplýsa eftirlitsþega um þær reglugerðir sem gilda um viðkomandi málaflokk og er lögð rík áhersla á það hjá Umhverfisstofnun.

6. Efnalögin, hlutverk Umhverfisstofnunar og verkaskipting stjórnvalda

Efnalögin tóku gildi á Íslandi þann 17. apríl 2013 og þar með féllu tvenn eldri lög úr gildi, annars vegar lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og hins vegar lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur. Efnalöggjöf í Evrópu hefur breyst mikið undanfarin ár og er enn að breytast. Hér má nefna reglugerðir eins og REACH sem tók gildi hér á landi 2008, reglugerð um flokkun og merkingu efna og efnablandna sem tók gildi 2012, reglugerð um snyrtivörur sem tók gildi 2013, reglugerð um sæfivörur sem tók gildi 2014 og reglugerð um plöntuverndarvörur sem tók gildi 2015 og hafa allar þessar reglugerðir verið innleiddar hér á landi. Þá hafa á undanförunum árum settar þrjá reglugerðir til innleiðingar á tilskipunum um fljótandi eldsneyti þar sem Umhverfisstofnunin hefur ríkum skyldum að gegna og kalla á aukin umsvif, en þetta eru reglugerðir um gæði eldsneytis frá árinu 2016, brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti frá 2014 og um viðmiðanir í sjálfbærri lífildsneytisframleiðslu frá 2013.

Ný löggjöf ESB kallar á nýjar kröfur til framkvæmdar og eftirlits. Ljóst var að styrkja þurfti töluvert framkvæmdina hér á landi í þessum málaflokki í tengslum við endurskoðun laganna. Rík krafa er gerð um samræmt eftirlit á landsvísu og í allri Evrópu. Ríki skulu gera eftirlitsáætlanir og skila reglulega inn upplýsingum um framkvæmd og niðurstöður eftirlits. Ein af meginskyldum Íslands við framkvæmd efnalöggjafarinnar er að tryggja jafnræði á markaði og er markmiðið það að sömu kröfur séu gerðar til sambærilegra fyrirtækja innan EES og að þau fái sams konar eftirlit.

Í efnalögum er verkaskipting stjórnvalda tilgreind í sérstökum kafla og eru þar talin upp hlutverk Umhverfisstofnunar, heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, Vinnueftirlits ríkisins, tollstjóra, Neytendastofu, Eitrunarmiðstöðvar Landspítala og Mannvirkjastofnunar. Þær breytingar eru gerðar frá fyrri löggjöf að Umhverfisstofnun er falið að annast eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem eru settar samkvæmt þeim, þ.e.a.s. eftirlit með framleiðslu, meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem undir lögin falla. Með þessari breytingu er eftirlitið fært ofar í aðfangakeðjuna, til birgjanna sem hafa ríkum skyldum að gegna. Þá er það hlutverk Umhverfisstofnunar að upplýsa stjórnvöld um þá þætti sem þau hafa þörf á til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögnum.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í þeirri starfsleyfis skyldu starfsemi sem heyrir undir starfsleyfi sem nefndirnar gefa út og Vinnueftirlitið fer með eftirlit með meðferð, notkun og merkingum hættulegra efna á vinnustöðum. Tollstjóri skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um tollafgreiðslu efna, efnablandna og vara sem falla undir efnalögin og hafna tollafgreiðslu þeirra ef ástæða er til samkvæmt tilmælum stofnunarinnar. Þá hefur Neytendastofa eftirlit með auglýsingum og svipuðum viðskiptaaðferðum, Eitrunarmiðstöð Landspítala tekur við upplýsingum um hættuleg efni og eiturefni og Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með markaðssetningu raf- og rafeindatækja.

7. Efnateymi Umhverfisstofnunar

Efnateymi Umhverfisstofnunar varð til 1. mars 2013 þegar nýtt skipurit tók gildi á stofnuninni. Með gildistöku nýrra efnalaga og fjárlaga er gert ráð fyrir 7 stöðugildum í teyminu.

Hlutverk Efnateymis skv. efnalögum er fjölbreytt en helstu þættir þess eru teknir saman hér að neðan:

1. Stjórnýsla

- a. Vinna við innleiðingu löggjafar ESB svo sem með því að greina áhrif gerða hér á landi, skrifa drög að reglugerðum og kynna þær fyrir hagsmunaaðilum,
- b. Sjá um gagnaskil til ESB og alþjóðlegra stofnana um framkvæmd reglugerða og alþjóðlegra samninga.

2. Gerð eftirlitsáætlunar og framkvæmd eftirlits

- a. Eftirlit með efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni
- b. Taka við ábendingum um ólöglegar vörur og bregðast við þeim.

3. Útgáfa leyfa sem lúta að meðferð efna

4. Upplýsingagjöf

- a. til annarra stjórnvalda
- b. til atvinnulífsins: þjónustuborð (Helpdesk), kynningarfundir, kynning í fyrirtækjum
- c. til almennings
- d. kennsla á námskeiðum sem tengjast lögum og reglum um efnavörur

5. Þátttaka í norrænu og evrópsku samstarfi

- a. Norrænt (NKG); sæfivörur, plöntuverndarvörur, eftirlit, flokkun og merking, óson, skimun fyrir mengunarefnum.
- b. Efnastofnun Evrópu (ECHA); FORUM, HelpNet
- c. Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA); ESSF, MARPOL

Efnateymið ber ábyrgð á framkvæmd fjölmargra reglugerða og má finna upplýsingar um þær á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Þetta eru t.d. reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir efna (REACH), reglugerð um flokkun og merkingu efna og efnablandna (CLP), reglugerð um meðferð varnarefna, reglugerð um sæfivörur, reglugerð um plöntuverndarvörur, reglugerð um snyrtivörur, reglugerð um þvotta- og hreinsiefni, reglugerð um ósoneyðandi efni og flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, reglugerðir um fljótandi eldsneyti og reglugerðir um ýmsar takmarkanir á notkun efna.

8. Áherslur í efnamálum 2017-2019

Auk þess að beita aðferðafræðinni um forgangsröðun í 4. kafla til þess að útbúa þriggja ára eftirlitsáætlun sem fram kemur í 2. kafla hefur hún verið notuð til að draga fram aðrar áherslur Umhverfisstofnunar í efnamálum fyrir árin 2017, 2018 og 2019. Þessar áherslur birtast hér að neðan, en vert er að benda á að þær geta verið breytingum undirorpnar, s.s. þegar upp koma ófyrirséð mál sem bregðast þarf við eða forsendur breytast að einhverju leyti.

Helstu verkefni Efnateymis 2017

Sérstök áhersla verður lögð á kynningarmál um hættuleg efni og merkingar á þeim, bæði fyrir atvinnulífið og almenning af því tilefni þess að frá 1. júní 2017 taka að fullu gildi ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Sýnilegasta breytingin fellst í því að gömlu appelsínugulu hættumerkin heyra nú alfarið sögunni til en í staðinn skulu nú allar vörur sem innihalda hættuleg efni vera merktar með nýju, tígullaga hættumerkjunum.

Haldinn verður kynningarfundur fyrir atvinnulífið um flokkun og merkingu, útbúið kynningarefni til birtingar á vef í byrjun júní og gefið út veggspjald með hættumerkjunum sem beinist að atvinnulífinu. Jafnframt verður ráðist í kynningarátak um hættumerkingar á efnavörum fyrir almenning og í endurtekin könnun á þekkingu hans frá því 2015 í því skyni að meta áhrif kynningarátaksins.

Stöðugt er unnið að endurskoðun ferla við eftirlit með efnamálum og efnablöndum og liður í því er að kynna niðurstöður eftirlits um leið og þær eru kunnar, sbr. ákvæði þar um í efnalögum. Á árinu verður ráðist í gerð eftirlitshandbókar um efnaeftirlit Umhverfisstofnunar samfara því að endurskoða verkferil eftirlits og ljúka við verkferil vegna stöðvunar á markaðsetningu. Í handbókinni verða settar fram mismunandi sviðsmyndir í eftirliti til þess að stuðla að góðri stjórnsýslu gagnvart eftirlitsþegum og tryggja öllum sambærilega málsmeðferð.

Ráðist verður í umfangsmikið eftirlitsverkefni með merkingum á umbúðum efnavara í matvöruverslunum í lok sumars til að fylgja því eftir að þær séu að fullu uppfærðar samkvæmt reglugerðinni. Þá verður lokið við norrænt verkefni um merkingar á efnavörum í málningar- og byggingavöruverslunum, sem undirbúið var á árinu 2016 og skýrsla um það birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Hönnuhús er norrænt verkefni sem snýst um að útbúa kennsluefni fyrir grunnskólabörn á aldrinum 8-12 ára um hættuleg efni í umhverfi þeirra. Náms efnið er nú aðgengilegt á vefnum en lokið verður við gerð kennsluleiðbeininga á árinu og í kjölfarið hleypt af stað átaki við að kynna það fyrir grunnskólakennurum.

Erlend samskipti skipa stöðugt meiri sess í sambandi við efnamál og mikilvægt er að erlendir aðilar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um stöðu mála hér á landi ekki síst þegar um er að ræða efni og efnablöndur sem háð eru markaðsleyfum. Í því skyni verður ráðist í endurskoðun á enskri heimasíðu Umhverfisstofnunar um efni og efnablöndur.

Neytendasíðu Umhverfisstofnunar (www.graenn.is) hefur verið haldið úti frá því 2012 og sumt af efninu þar þarfnast orðið endurskoðunar til að miðla nýjum upplýsingum um efnamál, breyttum kröfum og reynslu af framkvæmd efnalaganna. Hafin verður endurskoðun þess á árinu.

Á árinu 2017 mun Efnateymið taka saman tillögur að endurskoðun á efnalögnum sem byggjast á reynslunni sem þegar er fengin af framkvæmd þeirra. Þá er tímabært að skrifa drög að nýrri reglugerð um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og kynna þau fyrir hagsmunaaðilum. Í tengslum við fullgildingu Minamatasamningsins hér á landi og setningu reglugerðar um meðferð kvikasilfurs

verður unnin greiningarvinna af starfsmönnum Efnateymis. Þá verður hafin vinna við greiningu á skyldum Umhverfisstofnunar samkvæmt alþjóðasamningi um efnavopn.

Sæfivörur er vaxandi málaflokkur og um þessar mundir er lokið áhættumati á allmörgum á virkum efnum sem notuð eru í sótthreinsivörur. Það er því tímabært að taka saman lista yfir leyfileg virk efna fyrir sæfivörur í þessum vöruflokki og hvenær frestir til að sækja um markaðsleyfi renna út. Þá verður ráðist í eftirlitsverkefni með botnmálningu fyrir skip, sem fellur í sæfivöruflokk 21, gróðurhindrandi efni.

Á árinu 2016 var gefin út aðgerðaáætlun um notkun varnarefna og samkvæmt 2. markmiði hennar skal Umhverfisstofnun fyrir lok árs 2017 uppfæra gögn um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara hér á landi í því skyni að ætíð liggi fyrir bestu fánlegar upplýsingar um stöðu mála hvað þetta varðar. Nýjar upplýsingar fást úr einkum úr þeim eftirlitsverkefnum um plöntuverndarvörur sem fyrirhuguð eru á árinu. Uppfærðar upplýsingar um plöntuverndarvörur á markaði verða birtar á heimasíðu stofnunarinnar í desember.

Sérstakt eftirlitsverkefni um merkingu og innihald augnabrána- og augnaháralita verður unnið með áherslu á innihaldsefni, merkingar og hvort vörurnar séu skráðar í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP). Þá verður unnið verkefni sem tengist skráningum snyrtivöruframleiðenda hér á landi á vörum sínum í vefgáttina í samstarfi við heilbrigðisnefndir sveitafélaga.

Á árinu mun Umhverfisstofnu skila tillögum sínum að endurskoðun á reglugerð um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Efnateymið safnar reglulega gögnum um markaðssetningu hér á landi á kælimiðlum meðal flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og á árinu verður unnið að því að aðlaga gagnasöfnun sem best kröfum Loftmengunarteymis vegna gagnaskila stofnunarinnar.

Á árinu tekur stofnunin þátt í norrænu verkefni um umhverfivænni kælimiðla í skipum en því lýkur með því að gefnar verða út leiðbeiningar til haghafa um það hvað hægt er að gera til að auðvelda umskiptin yfir í aðra kælimiðla sem standa fyrir dyrum.

Lögð verður áhersla á samráð við önnur stjórnvöld um framkvæmd efnalaga eins og fyrri á og þar undir fellur samráð við tollyfirvöld um niðurfellingu á leyfislyklum í tollskrá og endurskoðun á tollflokkan til að auðvelda eftirlit stofnunarinnar með markaðssetningu eitrefna og leyfisskyldra efna eða efnablandna.

Haldið verður áfram að taka á móti og bregðast við ábendingum um ólöglegar vörur á markaði frá öðrum stjórnvöldum, fyrirtækjum og almenningi og sömuleiðis að rýna og bregðast við upplýsingum úr RAPEX tilkynningakerfi Evrópusambandsins um ólöglegar vörur á markaði.

Helstu verkefni Efnateymis 2018

Haldið verður áfram að vinna að umbótum er miða að betri verkferlum og skilvirkara eftirliti, þó minni tími sé ætlaður í slík verkefni en árið 2017. Tekin verður upp sú nýbreytin að gera könnun meðal eftirlitsþega á upplifun þeirra af eftirliti stofnunarinnar og niðurstöðurnar færðar inn í sérstaka ánægjuvög til að varpa ljósi á gæði eftirlitsverkefnanna. Eins og fyrr leggur Efnateymið áherslu á gott samstarf og samvinnu við hagsmunaaðila, bæði önnur stjórnvöld og atvinnulífið. Eft verður til samráðsfundar stjórnvalda sem koma að framkvæmd efnalaganna og til að efla samráð við atvinnulífið verður haldin málstofa um efnamál þar sem valið verður málefni sem er ofarlega á baugi í málaflokknum. Gert er ráð fyrir að slíkar málstofur verði árviss viðburður til framtíðar.

Nú þegar áhrifa af reglugerðum um sæfivörur annars vegar og plöntuverndarvara hins vegar er farið að gæta hér á landi kemur í ljós að framkvæmd þeirra er vandkvæðum bundin og ljóst að umsóknir um markaðsleyfi eru langt undir því sem vænst hafði verið. Af þeim sökum verður ráðið í þarfagreiningu á því hvort hægt sé að einfalda málsmeðferð við veitingum markaðsleyfa.

Tímabært er að setja reglugerð um eiturefni í samræmi við ákvæði efnalaga, svo sem um kaup og viðtöku eiturefna, markaðssetningu þeirra, varðveislu, tilkynningu um markaðssetningu og fleira.

Í undirbúningi er setning nýrrar reglugerðar um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með ákvæðum um menntun einstaklinga og vottun einstaklinga og fyrirtækja sem þjónusta kælikerfi og kaupa kælimiðla. Kynna þarf ákvæði reglugerðarinnar fyrir hagahöfum og útbúa verkferil vegna vottunar Umhverfisstofnunar. Þá verður á árinu byrjað að undirbúa kvótasetningu fyrir gróðurhúsalofttegundir sem innihalda vetnisflúorkolefni (HFC).

Á árinu verður unnin þarfagreining fyrir eftirlitsgagnagrunn Efnateymis en honum er ætlað víðtækt hlutverk svo sem að vera gátt til að taka við gögnum sem skylt er að skila til Umhverfisstofnunar skv. efnalögum, halda utan um eftirlitsverkefni teymisins og þjóna þannig sem gagnabanki um efnaeftirlit og þá aðila sem hafa skyldum að gegna samkvæmt efnalögum. Sömuleiðis verður hafinn undirbúningur að því að koma á fót gagnagrunni til að halda úti skrá um útgefin markaðsleyfi fyrir sæfivörum og plöntuverndarvörum með notendaviðmóti sem gefur möguleika á birtingu lista yfir útgefin leyfi hér á landi, bæði á íslensku og ensku.

Í samræmi við áherslu í stefnu Umhverfisstofnunar verður unnið að eftirfarandi skilgreindum kynningarverkefnum á árinu 2018:

- Efnalöggjöfin og lítil fyrirtæki.
- Spurningar og svör um efnamál
- Kynning á hugbúnaði til að aðstoða við merkingar á vörum sem innihalda hættuleg efni
- Um flokkun og merkingar vara sem innihalda hættuleg efni á erlendum tungumálum - efni á heimasíðu
- REACH kynningarátak í tilefni þess að frestur til skráningar efna rennur út í ágúst 2018
- Kynningarátak um sæfivörur
- Reglugerð flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (F-gös)
- Hönnuhús í grunnskólum
- Hormónaraskandi efni og almenningur
- Endurskoðun á almenningsfræðslu um efni

Haldið verður áfram að rýna og bregðast við upplýsingum úr RAPEX tilkynningakerfi Evrópusambandsins um ólöglegar vörur á markaði sem og að taka á móti og bregðast við ábendingum um ólöglegar vörur á markaði frá öðrum stjórnvöldum, fyrirtækjum og almenningi.

Helstu verkefni Efnateymis 2019

Áfram verður lögð áhersla á að vinna að umbótum er miða að betri verkferlum og skilvirkara eftirliti eins og árið 2018. Eins og fyrr leggur Efnateymið áherslu á gott samstarf og samvinnu við bæði önnur stjórnvöld og iðnaðinn og stendur fyrir samráðsfundum í því skyni.

Þjónustugátt fyrir gagnaskil til Umhverfisstofnunar verður kynnt á árinu og sett í gang í kjölfarið. Unnin verður að áætlun til að draga úr notkun plöntuverndarvara í þéttbýli og sett skilyrði um ráðstafanir til að draga úr úðareki í samræmi við 9. og 10. markmið í Aðgerðaáætlun um notkun varnarefna.

Könnunin „Þekkirðu merkin“ verður endurtekin á árinu til að staðreyna hvort árangursvísir stofnunarinnar varðandi þekkingu almennings á merkingum hættulegra efna sé í samræmi við það markmið að 90% fólks þekki nýju hættumerkin.

Í samræmi við áherslu í stefnu Umhverfisstofnunar verður unnið að eftirfarandi skilgreindum kynningarverkefnum á árinu 2019:

- Kvótakerfi fyrir gróðurhúsalofttegundir sem innihalda vetnisflúorkolefni (HFC)
- Hættuleg efni í snyrtivörum
- Hönnuhús í grunnskólum
- PFAS-efni og almenningur
- Minamata-samningur um kvikasilfur og áhrifin hér á landi

Sem fyrr verður lögð áhersla á að rýna og bregðast við upplýsingum úr RAPEX tilkynningakerfi Evrópusambandsins um ólöglegar vörur á markaði sem og að taka á móti og bregðast við ábendingum um ólöglegar vörur á markaði frá öðrum stjórnvöldum, fyrirtækjum og almenningi.

Samþykkt á afgreiðslufundi þann 17. nóvember 2017.